

Grein um Gildasósíalistann Bertrand Russel

sem birt var í Dagsbrún 21. ágúst og 3. og 8 september 1919

Bertrand Russel.

Estir *Viggo Cavlius.*

Nú er rénun í ófriðarbókmentum, en í þess stað bókmentir um þjóðfélagsmál, þau mál eru nú efst á baugi í heiminum, allur heimurinn er eins og grýta, sem sýður og vellur í. Heitar hugsjónagufur líða upp úr henni og innan í þeim sér maður óskýrt mynd hins nýja þjóðfélags, sem á að taka við af þjóðfélagini fyrir 1914.

Af hinum mörgu bókum um þessi mál, hefir ein vakið sérstaka eftirtekt í Englandi, bæði andúð og samúð, o: bók Bertrand Russells, *Roads to Freedom* (Leiðir til frelsis). Aður var Russel þektur heimspekingur og hafði ritað viðlesnar bækur um þau efni. Nú hefir hin almenna hreyfing gripið hann og honum hefir verið varpað í fangelsi, sem ekki eru lítilfjörleg meðmæli. Auðk þess hefir þjóðernisofstækismaðurinn Cromer lávarður nefnt bók hans öllum illum nöfnum.

Bertrand Russel hefir breytt viturlega að athuga ekki málið frá heimspekilegu sjónarmiði, því reynslan hefir verið sú, að heimspekingarnir hafa ekki gert mikið til að bæta hin „tímanlegu“ kjör manna. Flestir hafa álitið að fátæktin væri stillir (Regulator), sem mannkynið gæti ekki án verið, og bölsýnismaðurinn Schopenhauer hélt því fram, að maðurinn hlyti ávalt að vera aumur, hvernig svo sem ástæður hans væru, því losni hann við böl fátæktarinnar, kæmi annað í þess stað, sem sé leiðindi og þreyta á lífinu. Þjóðmálafræðingar mega ekki láta leiðast inn á slíkar hugsanir, svíð þeirra er að mynda kerfi, þar sem allir hafa jafnan aðgang að gæðum þjóðfélagsins. Andleg velferð einstaklingsins kemur þeim ekki við.

(Frh)

Bertrand Russel.

Estir Viggo Cavling.

— (Frh.)

Russel hefir séð að skipulags-leysi það, sem hingað til hefir verið í þjóðfélaginu, getur ekki staðist. Það hefir knúið hann til að athuga hina þrjá miklu „isma“: socialism, anarchism og syndikalism, til að finna skilyrði fyrir framtíðarríkinu.

Hann harmar það, að meir ber á hatri en kærleika í „propagandanum“. Forgangsmennirnir eru allir syktir af flokkadrætti, rétt-trúnaðarþróngsýni og syrirlitningu á þeim sem ekki eru sömu skoðunar. Þeir nota sér of oft „eiturgas“, en samt sem áður mega menn ekki snúa baki við þeim, því öll vopn eru afsakanleg hjá þeim, sem berjast gegn tortryggni og fastheldni þjóðrélagsins.

Hann hefir samúð með undir-stöðuskoðunum socialismans, ó: baráttunni fyrir sameign jarðar-innar, auðsins og framleiðslutækjanna. Það er enginn efi á að auð-urinn og kaupgjaldskerfið er af auðvaldinu haft til að þrælnýta verkamannastéttina. Þegar alt gildi jarðarinnar verður opinber eign, eða þegar „privat“ eignarréttur er takmarkaður, er úthlít fyrir að framleiðendurnir fái sult kaup. Karl Marx hélt því fram að bylt-tingarstigin væru tvö. 1789 brauzt miðstéttabyltingin út; nú er veik-mannabyltingin fyrir dyrum.

Því verður ekki neitað, talsvert hefir fengist á friðsamlegan hátt. Þegar prinsinn af Wales gifti sig dó saumastúlkan Anne Walkley af ofþreytu. Ásamt 60 öðrum varð hún að vinna 26½ tíma í litlu herbergi til þess að brúðarskrautið yrði tilbúið.

Slík óhæfa sem áður auðkendi meðferð auðvaldsins á undirmönnum þekkist ekki lengur í Evrópu; slík dæmi finnast að eins í suður-löndum. »Próunarsócialismi« Bernsteins¹⁾ hefir útrýmt því, en samt sem áður mun Bernstein bíða lægri hlut í viðureigninni við auðvaldið. Sigur fæst ekki fyr, en það er úr sögunni. Að nokkru leyti er Russel byltingasocialisti, en honum dyljast ekki anmarkar social-istartíkisins. Hann er hræddnr við að ofmikið vald muni verða hjá foringjunum og það geti orðið þeim skálkaskjól. Ymsar hættur geti stafað af of öflugu meiri hluta valdi; til að finna leiðina til að vernda rétt minnihlutans hefir Russel athugað anarkismann.

1) Edvard Bernstein, þýzkur socialisti. Frægur fyrir gagnrýningu sínu á »Das kapital« estir Marx. Russel hefir rétt fyrir sér, þar eð Bernstein nú er í flokki byltinga-socialista.

þýð.

(Frh)

Bertrand Russel.

Eftir Viggo Cavling.

(Nl.)

Almenningur hefir gefið anarkistunum einkaleyfi til að kasta sprengikúlum, en gleymir að þessu vopni hefir verið beitt af öðrum, t. d. í Serajevo af þjóðerissínum, (hér er átt við ríkiserfingjamorðið 1914) Merkustu rithöfundar anarkistanna Bakunin (rússneskur bytingamaður af aðalsættum) og Krapotkin (rússneskur fursti, útlægur um mörg ár fyrir skoðanir sínar) bördust með bleki og penna, en þegar menn tala um anarkista dettur mönnum oft í hug glæpamaður eins og t. d. Ravachol, sem var halshöggvinn 1792. Hرسنگur hans var:

Si tu veux être heureux,
Nom de Dieu!
Pends ton propriétaire!

(Ef þú vilt vera hamingjusamur í guðs nafni, þá hengdu landsdrottinn þinn!)

Í kenningum sínum eru anarkistarnir friðsamir, því ríki þeirra getur að eins staðist, ef það er byggt hreinum, óeigingjörnum og háleitum einstaklingum. Þeir ætla að afnema öll lög, í þjóðfélagi á ekki að vera nein skylda (og þar af leiðandi engin vinnuskylda), allir hafa rétt til að eta, drekka og skemta sér eftir vild, fangelsin verða opnuð og sauðir og úlfar lífa í friði saman.

Þetta þjóðfélag er fyrirmynndin og takmarkið, segir Russel, og komist það á mun það varla haldast lengur eitt eða tvö ár. Hann er ekki hræddur um að menn muni ekki vinna, það kemur af sjálfsér, en hann er hræddur við að ávalt muni vera menn, sem misbeita frelsinu, grípa til vopna og gerast kúgarar. Lögin koma af hinu illa, en lagaleysi er gæði, sem menn enn þá ekki eru færir um að njóta, ef þeir verða það nokkurntíma.

»Praktiskari«, en þó með vafasamari er syndikalisminn, sem fer í vöxt um heim allan. Baráttu hinna frönsku syndikalista við þingræði, hinar »beinu athafnir« þeirra í hinum einstöku iðnaðargreinum, skyndiverksföll og »sabotage«¹⁾ þekkja allir. En menn þekkja ekki eins vel hina amerísku syndikalista International Workers of the World (I. W. W. Alþjóða verkamenn heimsins) sem hafa barist við hermenn bandaríkjanna. Í Ludow í Colorado stóð regluleg orusta 1914; margt manna fíl, m. a. konur og hörn

Í Rússlandi birtist syndikalisminn sem bolschewismi,²⁾ en þessi

1) »Sabotage« er eitt alræmdasta meðal syndikalista. Það er í því fólgjóð, að vinna vinnuveitendum eins mikil tjón og mögulegi er, með skemdmum, hirðuleysi, of mikilli vandvirkni o. fl. o. fl.

þýð.

2) Þetta er ekki rétt, því bolshevikar eru svæsnir bytingasocialistar, með ríkishugsjónum, en þeim afneita syndikalistar, (sbr. Lujo Brentano, syndikalismen. Kbavn. 1919.

þýð.

mynd hans er ekki nýtt fyrirbrigði, hann er fyrir hendi í öllum löndum og hefir jafnvel brotist út í Afghanistan.

Í hinu mikla indverska ríki mun hann án efa baka yfirvöldunum mikið erfiði og hann mun brjótast út á stöðum sem manni grunrar sízt. Syndikalisminn er „praktiskari“ en anarkisminn, en harðari í svifum en socialisminn. Hann miðar að stjórnleysi (anarki), en félagsbundin stjórnleysi (organiseret anarki) og kröfusinni um verkamannaráð, sem taki stjórnina í sínar hendur hafa syndikalistar fengið framengt með slíku afli og ofstæki, að hún mun komast í framkvæmd í öllum löndum.

B. Russel álítur að hvorki sé hægt að framkvæma til fullnustu sérstaklega socialismu, anarkisma, né syndikalisma. En hann heldur að úr þessum þrem „Ismum“ megi draga mikið heilbrigð og gott, sem myndi hafa þýðingu í framtíðinni. Í stað þess að ganga gegn þessum hreyfingum með vélbyssum og fangelsisrefsingum á þjóðfélagið að búast við því tímanlega að mæta hinu óhákvæmilega og finna nýjan grundvöll, sem að minsta kosti ekki hefir galla hins liðna tíma.

En eru svo geysilegar umbætur hugsanlegar?

Já, segir Russel, þó Európa sé protabú, getur maður þó með hæfilegri niðurröðun tryggt hverri fjölskyldu í Englandi 18 kr. tekjur á dag. Á þessu má byrja og með nýjum vinnuáðferðum og sparnaði er hægt að framleiða enn meiri auðæfi.

I landbúnaði auðvaldsins ríkir mesta sukkfyrirkomulag. Vísindamenn hafa sannað að með beztu jarðræktartækjum geti sveit sú (departement) sem París liggur í fædd alla borgina. Anarkistarnir hafa rétt fyrir sér, þegar þeir gagnstætt Bolshevikkum halda fram að ekki þurfi að neyða menn til að vinna í hinu nýja þjóðfélagi. Aðvitað verða nokkrir iðjuleysingjar, en það verða eftir þeirri reynslu sem menn hafa frá auðvaldsstéttunum, varla einn af tíu og þeim mun fara fækkandi. Það er rangt að nefna vinnuna bölvun. Hún er gæði sem enginn heilbrigður maður getur án verið, það er ofreynslan sem er bölvun. En í hinu nýja þjóðfélagi þarf enginn að ofreyna sig, því vinnan breytist svo, að hún verður aðlaðandi og vinnutíminn styttur í 4 tíma, sem verður nóg til að fæða alla, jafnvel iðjuleysingjan, ef vel er áhaldið.

Pingin eiga að vera fulltrúar allrar þjóðarinnar, en að eins hafa þau rétt til að treysta velferð allra.

Æðstu völdin hafa *yfrráð framleiðandanna* og hver iðnaðargrein að hafa sjálfstjórн.

Öll borgun á að miðast við vinnuviljann, en ekki vinnuna sjálfa og til að hvetja hina sérstaklega nothæfu starfskrafa á að tryggja þeim ýms hlunnindi, t. d. styttri vinnutíma o. fl.

Peninga á að afnema og í stað

þeirra að koma „bons“, sem eins og matarkort á stríðstímum gilda vissan tíma, t. d. ár. Þau eru nauðsynleg sem borgun syrir ýms þægindi (luksus).

Lög og bönn á að takmarka eins og hægt er, en þó á að hegna glæpamönnum, mordtingjum etc. Refsingin er falin í því, að menn eru einangraðir. Lögreglan er ekki föst, heldur eru allir borgarar skyldir að vera lögreglumenn vissan tíma.

Þessar umbær tur eru hugsanlegar, ef þær komast jafnt á í öllum löndum og allir tollmúrar hrynja. Alþjóða lögregla heldur uppi alheimssfriði og ró.

Pýtt úr Pólitiken.